

Nefndasvið Alþingis  
Austurstræti 8-10  
101Reykjavík

Reykjavík, 6.12.2023  
Tilvísun: 20231105251

## Umsögn ríkisskattstjóra um frumvarp til laga um kílómetragjald - þskj. 574 - 507. mál

Ríkisskattstjóri hefur þann 17. nóvember sl. móttengið tölvupóst þar sem gefinn er kostur á að veita umsögn um ofangreint þingmál. Telur ríkisskattstjóri tilefni til eftirfarandi athugasemda og ábendinga við ákvæði einstakra greina frumvarpsins eins og það liggur fyrir:

### I. Um 5. gr. frumvarpsins

Lagt er til að við 5. gr. bætist eftirfarandi málsgrein:

*„Við skráningu á stöðu akstursmælis skv. 1. og 2. tölulið 1. mgr. skal ríkisskattstjóri leggja kílómetragjald á gjaldskyldan aðila vegna þeirra liðnu gjaldtímabila sem ekki hefur verið lagt á sem og yfirstandandi gjaldtímabil frá upphafi þess fram að skráningu á stöðu akstursmælis.“*

Við þær aðstæður að bifreið er flutt úr landi eða númer lögð inn þykir rétt að fram fari álagning vegna liðinna gjaldtímabila sem ekki hefur verið lagt á, sem og yfirstandandi gjaldtímabils fram að álestri.

### II. Um 9. gr. frumvarpsins

Lagt er til að í 1. másl. 1. mgr. 9. gr. verði aukið við þeim orðunum, sem hér eru feitletruð:

*„Ríkisskattstjóri skal gera áætlun um meðalakstur bifreiðar á gjaldtímabili og birta hana **gjaldskyldum aðila skv. 1. og 2. mgr. 3. gr. í miðlægri þjónustugátt stjórnvalda.**“*

Tillagan þarfnast ekki nánari skýringa.

Þá er lagt til að 1. másl. 2. mgr. 9. gr. orðist svo:

*„Liggi ekki fyrir áætlaður akstur kaupanda eða nýs umráðamanns á ársgrundvelli eða ef eingöngu ein þekkt skráð staða á akstursmæli liggur fyrir, skal ríkisskattstjóri áætla akstur fyrir næsta tólf mánaða tímabil frá kaupum eða skráningu á nýjum umráðamanni gjaldskyldrar bifreiðar sem fellur undir 1. eða 2. tölul. 2. gr., miðað við eftirfarandi:“*

Eins og tilvitnað ákvæði hljóðar nú er ekki tekið á því hvernig áætla eigi kílómetragjald þegar umráðaskipti verða að bifreið, þ.e. þegar umráð byggja á samningi við handhafa leyfis til að stunda eignaleigu eða fjármögnunarleigu samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, sbr. 2. mgr. 3. gr. frumvarpsins. Breytingartillögunni er ætlað að bæta úr þessu.

Einnig er lagt til að í stað orðsins „*gjaldlega*“ í 2. málsl. 7. mgr. 9. gr. komi; „*eindaga*.“

Tillaga þessi kemur til af því að í frumvarpinu er um misritun er að ræða, þar sem almennt er miðað við að beri eindaga upp á helgidag eða almennan frídag færast hann yfir á næsta virkan dag á eftir.

### **III. Um 10. gr. frumvarpsins**

Lagt er til að við 1. málsl. 5. mgr. bætist við tilvísunin; „*sbr. 2. málsl. 7. mgr. 9. gr.*“

Sömuleiðis er lagt til að í stað orðanna „*fyrir eindaga*“ í 3. málsl. 5. mgr. komi; „*á eindaga*“

Framangreindum breytingum á 5. mgr. 10. gr. er ætlað að taka af allan vafa um að íþyngjandi aðgerðum verði ekki beitt fyrr en ljóst er að ekki hefur verið greitt á eindaga það gjald sem gjaldfallið er.

Þá er enn fremur lagt til að ákvæði 6. mgr. orðist svo:

*„Við mismun, sem í ljós kemur á álögðu kílómetragjaldi og fyrirframgreiðslu þess, sem stafar af of lágri fyrirframgreiðslu, skal bæta 2,5% álagi á ársgrundvelli.“*

Þessar breytingar á 6. mgr. 10. gr. miða að því að inneignarvextir verði greiddir þegar fyrirframgreiðslan hefur verið of há. Í tilvikum þar sem hún hefur verið of lág þá verði 2,5% álagi bætt við mismun.

### **IV. Um 13. gr. frumvarpsins**

Á eftir orðunum „*stöðu akstursmælis*“ í 1. málsl. 1. mgr. komi; „*og áætlaðan akstur kaupanda á ársgrundvelli*“

Við 1. málsl. 2. mgr. verði aukið við eftirfarandi orðum:

*„... sem og yfirstandandi gjaldtímabil frá upphafi þess fram að skráningu.“*

Rétt þykir að kveða á um að seljandi bifreiðar beri að gera upp liðin tímabil sem og yfirstandandi tímabil fram að eigendaskiptum.

## V. Um 14. gr. frumvarpsins

Við 2. másl. 1. mgr. verði aukið við eftirfarandi orðum:

*„... sem og yfirstandandi gjaldtímabil frá upphafi þess fram að afskráningu.“*

Á eftir 2. másl. komi nýr másl. svohljóðandi:

*„Þrátt fyrir ákvæði fyrsta málsliðar ber ekki að skrá stöðu akstursmælis við afskráningu gjaldskyldrar bifreiðar sem undanþegin hefur verið greiðslu samkvæmt 1. eða 2. tölul. 5. gr.“*

Þegar bifreið er flutt úr landi eða skráningamerki lögð inn, fer fram álestur á stöðu akstursmælis. Fari afskráning gjaldskyldrar bifreiðar fram við þessar aðstæður verður að telja óþarft að lesa af akstursmæli.

## VI. Um 15. gr. frumvarpsins

Lagt er til að 15. gr. frumvarpsins orðist svo:

*„Virgni akstursmælis o.fl.*

*Virgni og rétt talning kílómetra samkvæmt aksturmæli er á ábyrgð gjaldskylds aðila. Komi í ljós að talning akstursmælis er röng eða engin skal gjaldskyldur aðili tafarlaust tilkynna um bilun mælis til Samgöngustofu og grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja rétta talningu kílómetra.*

*Ef taka þarf akstursmæli til viðgerðar skal lesið af akstursmælinum áður en viðgerð hefst eða annar akstursmælir settur í hans stað og tilkynna um stöðu hans til Samgöngustofu. Jafnframt skal tilkynnt þegar í stað til Samgöngustofu um lok viðgerðar, eða eftir atvikum, skipti á akstursmæli og skal þá jafnframt skrá stöðu akstursmælis.*

*Komi í ljós að talning akstursmælis er röng eða engin skal ákvörðun um fyrirframgreiðslu og úlagningu, þ.m.t. úlagning kílómetragjalds vegna óuppgerðra gjaldtímabila, taka mið af fyrri skráningum á akstri bifreiðar gjaldskylds aðila. Liggi upplýsingar um akstur ekki fyrir skal ákvarða akstur skv. 2. mgr. 9. gr.“*

Ástæða þykir að kveða skýrar á um hvað beri að gera við þær aðstæður að akstursmælir telur kílómetra ekki rétt, en að öðru leyti er vísað til athugasemda við frumvarpsgreinina í greinargerð eftir því sem við á.

## VII. Um 19. gr. frumvarpsins

Í ákvæðum 3. mgr. 18. og 3. mgr. 19. gr. er kveðið á um að ríkisskattstjóri/Samgöngustofa hafi tvo mánuði til að úrskurða um kæru. Lagt er til að frestur þessi verði 3 mánuðir til samræmis við almenna málsmeðferð við skattframkvæmd.

## VIII. Um ákvæði til bráðabirgða II

Við 1. málsl. 5. mgr. bætist við tilvísunin; „sbr. 2. málsl. 7. mgr. 9. gr.“

Tillagan þarfnast ekki nánari skýringa.

## IX. Nýtt ákvæði til bráðabirgða

Lagt er til að við frumvarpið bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

*„Sé bifreið erlendis, sbr. 1. tölul. 5. gr., eða skráningarkerki í varðveislu skráningaraðila við gildistöku laganna skal ekki skrá stöðu akstursmælis við afskráningu hennar að aðstæðum óbreyttum.“*

Þar sem ekki reynir á gjaldskyldu samkvæmt lögnum við þessar aðstæður er skráning á stöðu akstursmælis með öllu óþörf.

Að lokum leyfir ríkisskattstjóri sér að benda á að frumvarp þetta ber með sér umtalsverða breytingu á fyrirkomulagi skattlagningar og nýjar kröfur til skattaðila. Framangreint krefst viðurhlutamikilla tæknilegra ráðstafana og undirbúnings leiðbeininga og þjónustu við skattaðila. Því er mikilvægt að afgreiðsla frumvarpsins dragist ekki, eigi hin fyrirhugaða löggjöf að taka gildi um áramótin næstkomandi.

Virðingarfyllt,  
f.h. ríkisskattstjóra



Helga Valborg Steinarsdóttir



Ingvar J. Rögnvaldsson